

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. desember 2012
R2012120007

Efni: Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingar á lögum um vörugjald og tollalögum - 473. mál, þskj. 611.

Ríkisskattstjóri hefur þann 7. desember 2012 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á lögum um vörugjald og tollalögum. Af þessu tilefni vill ríkisskattstjóri koma eftirfarandi á framfæri:

2., 4. og 5. gr. Stjórnsýsla vegna vörugjalda

Ríkisskattstjóri styður þá tillögu sem sett er fram í frumvarpinu um að færa stjórnsýslu vörugjalda á eina hendi. Þrátt fyrir að verkefni þessi sé mjög óverulegur þáttur í starfsemi ríkisskattstjóra, einn starfsmaður vinnur við þetta, mun þetta hafa í för með sér ákveðið hagræði. Þá mun breytingin stuðla að samræmingu. Ríkisskattstjóri leggur til að hlutaðeigandi starfsmaður færist til embættis tollstjóra.

Að öðru leyti gerir ríkisskattstjóri ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt
